



Fréttabréf Hagfræðideildar

Ágúst 2024

Hagfræðideild Landsbankans

Markaðsdagatal – ágúst 2024

mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur
			1. ágúst Vaxtaákvörðun hjá Englandsbanka	2 Atvinnuleysi í Bandaríkjunum
5	6	7	8	9 Brottfarir um Leifsstöð í júlí (FMST) Skráð atvinnuleysi í júlí (VMST)
12	13	14 Amaroq og Kvika banki birta uppgjör Verðbólga í Bandaríkjunum og Bretlandi	15 Alvotech, Eik og SKEL birta uppgjör	16 Könnun á væntingum markaðsaðila (SÍ) Greiðslumiðlun (SÍ)
19	20 Vísitala íbúðaverðs í júlí (HMS) Eimskip og Iceland Seafood birta uppgjör	21 Vaxtaákvörðun hjá Seðlabanka Íslands ásamt útgáfu <i>Peningamála</i>	22 Nova og Reitir birta uppgjör	23 Vöru- og þjónustujöfnuður (HAG)
26	27 Síminn birtir uppgjör	28 Brim, Heimar, Skagi og Sýn birta uppgjör	29 Vísitala Neysluverðs í ágúst (HAG) Hampiðjan, Íslandshótel, Kaldalón og Síldarvinnsla birta uppgjör	30 Þjóðhagsreikningar (HAG) Ísfélagið birtir uppgjör Verðbólga á evrusvæðinu




Verðbólga

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,46% á milli mánaða í júlí og við það hækkaði ársverðbólga úr 5,8% í 6,3%. Þetta var mun meiri hækkun en við höfðum gert ráð fyrir, en við spáðum 0,15% hækkun milli mánaða og að ársverðbólgan myndi einungis hækka í 5,9%. Árshækkun VNV án húsnæðis og allra kjarnavísitalnanna hækkaði milli mánaða.

Verðbólga hækkar í 6,3%, meira en spár gerðu ráð fyrir


Vísitala neysluverðs

Breyting milli ára



Nýjasta mæling, fyrir mánuði og fyrir ári síðan


Breyting milli ára




Breyting milli mánaða

Líkt og venjan er í júlí vógust á sumarútsölur og hækkanir á flugfargjöldum til útlanda. Það sem kom mest á óvart í mælingunni var að útsölur á fötum og skóm voru mun lakari en við spáðum og matarkarfan hækkaði meira. Flugfargjöld til útlanda hækkuðu aðeins meira en við áttum von á en reiknuð húsaleiga hækkaði aðeins minna.

Framlag undirliða í júlí



Júlímælingar VNV




Samsetning ársverðbólgu


Ársverðbólgan hækkaði um 0,45 prósentustig milli mánaða. Munar mestu um að framlag reiknaðra húsaleigu jókst um 0,24 prósentustig, en reiknuð húsaleiga lækkaði milli mánaða í júlí í fyrra og datt sú mæling út úr ársverðbólgunni nú. Að öðru leiti dreifðist aukningin á ársverðbólgu nokkuð jafn yfir undirliði, fyrir utan framlag opinberar þjónustu sem dróst saman milli mánaða.

Verðbólga eftir eðli og uppruna

Breyting milli ára ásamt framlagi undirliða



Breyting á samsetningu ársverðbólgu



*) Innfluttar vörur án bensíns, almenn þjónusta án flugfargjalda til útlanda, húsnæði án reiknaðra húsaleigu

Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans




Horfur næstu mánuði

Við gerum ráð fyrir að ársverðbólga verði 6,2% í ágúst, 6,1% í september og 5,6% í október, sem er mjög svipað og greiningardeild Íslandsbanka spáir.


Verðbólguþáttur

Breyting milli mánaða



Verðbólguþáttur

Ársverðbólga




Stýrivextir

Næsta vaxtaákvörðun verður miðvikudaginn 21. ágúst. Undanfarið höfum við gert ráð fyrir að vöxtum verði haldið óbreyttum í ágúst og við höldum okkur við þá spá í bili.

Vaxtaákvörðanir peningastefnunefndar

Dags.	Lagt til	Atkvæði með	Atkvæði móti	Kosið annað	Niðurstaða	Meginvextir
9. feb. 2022	+0,75%	ÁJ, RS, GJ, GZ, KÓ			+0,75%	2,75%
4. maí. 2022	+1,00%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS			+1,00%	3,75%
22. jún. 2022	+1,00%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS		GZ (+1,25)	+1,00%	4,75%
24. ágú. 2022	0,75%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS		GZ (+1,00)	+0,75%	5,50%
5. okt. 2022	+0,25%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS			+0,25%	5,75%
23. nóv. 2022	+0,25%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS		GZ (+0,50)	+0,25%	6,00%
8. feb. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS		HS (+0,75)	+0,50%	6,50%
22. mar. 2023	+1,00%	ÁJ, RS, GJ, ÁP, HS			+1,00%	7,50%
24. maí. 2023	+1,25%	ÁJ, RS, ÁP, HS	GJ (+1,00%)		+1,25%	8,75%
23. ágú. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, ÁP, HS	GJ (+0,25%)		+0,50%	9,25%
4. okt. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁP	HS(+0,25%)	ÁP (+0,25)	óbr.	9,25%
22. nóv. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁP, HS			óbr.	9,25%
7. feb. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁP, HS	GJ (-0,25%)		óbr.	9,25%
20. mar. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁP, HS	GJ (-0,25%)		óbr.	9,25%
8. maí. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁP, HS	AS (-0,25%)		óbr.	9,25%
21. ágú. 2024						
2. okt. 2024						
20. nóv. 2024						

Meginvextir Seðlabanka Íslands




Vísitala íbúðaverðs

Vísitala íbúðaverðs hækkaði um 1,4% á milli mánaða í júní. Hækkunin er sú fimmta í röð, en vísitalan hækkaði um 1,9% í febrúar, 0,8% í mars og apríl og 1,4% í maí. Árshækkun vísitölu íbúðaverðs jókst úr 8,4% í 9,1% en árshækkun vísitölunnar hefur hækkað nokkuð jafnt síðan í júlí í fyrra þegar hún fór lægst í 0,7%.

Hagsjá: Spenna á íbúðamarkaði


Vísitala íbúðaverðs

Breyting milli ára




Seinustu sex mánuði

Breyting milli mánaða




Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði

Verðbólguálag til tveggja ára lækkaði um 0,36 prósentur í júlí og var 4,35% í lok mánaðarins. Það lækkaði kjölfar þess að stjórnvöld tilkynntu um áform um innleiðingu kílómetragjalds fyrir öll ökutæki í stað olíu- og bensíngjalda, en óljóst er hvort kílómetragjaldið komi inn í vísitöluna neysluverðs. Komi kílómetragjaldið ekki inn í vísitöluna má búast við því að breytingin hafi áhrif til lækkunar á verðmælingum Hagstofunnar. Þetta álag hækkaði síðan aftur eftir að júlímæling VNV var hærri en búist var við. Mun minni breyting var á verðbólguálagi til fimm ára sem lækkaði um 0,17 prósentur í mánuðinum og var 4,08% í lok júlí og til tíu ára sem lækkaði um 0,06 prósentur og var 3,82% í lok mánaðarins



Raunstýrivextir


Raunstýrivextir voru að mestu neikvæðir árin 2020 og 2021 á þeim tíma sem verðbólga var á uppleið en eru nú jákvæðir á alla mælikvarða. Raunvaxtastigið er um 3% miðað við liðna verðbólgu og á milli 4,5% og 5,5% miðað við verðbólguvæntingar.



Verg landsframleiðsla

Hagkerfið dróst saman um 4,0% á milli ára á fyrsta ársfjórðungi. Til samanburðar mældist 8,3% hagvöxtur á fyrsta ársfjórðungi í fyrra. Síðan hefur hagvöxtur minnkað með hverjum fjórðungnum sem líður og loks dróst landsframleiðsla saman, í fyrsta skipti frá því á fyrsta ársfjórðungi 2021. Samdrátturinn skýrist aðallega af minni birgðasöfnun vegna loðnubrests. Hagstofan birtir þjóðhagsreikninga fyrir 2. ársfjórðung föstudaginn 31. ágúst.


Hagsjá: Samdráttur á fyrsta ársfjórðungi



Velta í byggingariðnaði


Velta í byggingariðnaði jókst um 9,1% á milli ára á VSK-tímabilinu mars-apríl og um 10,7% á tímabilinu á undan. Veltan virðist vera að taka við sér aftur, en ársbreyting veltu fór lægst í 0,5% á VSK-tímabilinu júlí-ágúst 2023.

Hagsjá: Velta í hagkerfinu minnkar á milli ára




Skráð atvinnuleysi

Skráð atvinnuleysi var 3,1% í júní og minnkaði úr 3,4% frá því í maí. Þótt atvinnuleysi hafi dregist saman á milli mánaða er það engu að síður 0,2 prósentustigum meira en á sama tíma í fyrra, sem kann að vera merki um lítilla minni spennu á vinnumarkaði.




Greiðslukortavelta íslenskra heimila

Alls nam greiðslukortavelta íslenskra heimila 109 mö. kr. í júní og dróst saman um 0,4% milli ára, á föstu verðlagi. Innanlands dróst kortavelta íslenskra heimila saman um 1,8% að raunvirði og erlendis jókst hún um 4,8%, á föstu gengi. Á öðrum ársfjórðungi jókst kortavelta heimilanna alls um 0,7% milli ára. Þetta er áþekkur vöxtur og á fyrsta ársfjórðungi sem bendir til þess að þrátt fyrir háa vexti sé staða heimilanna ágæt, sem sést einnig í því að innlán halda áfram að aukast og yfirdráttur er ekki að aukast.




Hrein ný íbúðalán

Frá því síðasta vor hafa heimilin almennt tekið verðtryggð lán og greitt inn á óverðtryggð lán. Hrein ný verðtryggð útlán með breytilegum vöxtum hjá bönkunum voru 20 ma.kr. í júní og hafa ekki verið hærrí síðan í nóvember í fyrra.




Viðskiptajöfnuður við útlönd

Alls var 41 ma.kr. halli á viðskiptum við útlönd á fyrsta ársfjórðungi. Það var 13 ma.kr. afgangur af þjónustujöfnuði og 13 ma.kr. afgangur af frumpáttatekjum. Á móti kom 56 ma.kr. halli á vöruskiptajöfnuði og 12 ma.kr. halli á rekstrarframlögum.




Gengi krónunnar

Íslenska krónan er búin að vera óvenju stöðug síðan í nóvember í fyrra. Í júlí hækkaði verð á evru um 1 krónu og var 149,9 í lok mánaðarins meðan verð á Bandaríkjadal lækkaði um 0,65 krónur og var 138,44 í lok mánaðarins.




Gjaldeyrisingrip Seðlabanka Íslands

Seðlabankinn greip síðast inn í gjaldeyrismarkaði 9. febrúar síðastliðinn þegar bankinn keypti evrur fyrir 9,2 ma.kr. til að mæta innflæði erlendra fjárfesta vegna kaupa þeirra á íslenskum ríkisskuldabréfum.



Gjaldeyrisviðskipti lífeyrissjóða

Hrein kaup lífeyrissjóða á gjaldeyri námu um 36,4 mö.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins. Þetta er mjög svipað og á sama tímabil í fyrra þegar hrein kaup þeirra námu 40,3 ma.kr.



Fyrirvari

Þessi samantekt og/eða umfjöllun er markaðsefni ætlað til upplýsingar en ekki sem grundvöllur viðskipta. Markaðsefni þetta felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né óháða fjárfestingargreiningu. Lagakröfur sem gilda um fjárfestingarráðgjöf og fjárfestingargreiningu eiga því ekki við, þ.m.t. bann við viðskiptum fyrir dreifingu.

Upplýsingar um þróun gengis innlendra hlutabréfa, skuldabréfa og/eða vísitalna koma frá Nasdaq Iceland – Kauphöllinni. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á viðkomandi hlutabréf, skuldabréfaflokk eða vísitölu. Upplýsingar um þróun gengis erlendra fjármálagerninga, vísitalna og/eða sjóða koma frá aðilum sem Landsbankinn hefur metið áreiðanlega. Þróun gengis í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarþróun.

Upplýsingar um fyrri árangur sjóða Landsbréfa byggja á upplýsingum frá Landsbréfum. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á heiti viðkomandi sjóðs, þ.m.t. um árangur síðastliðinna fimm ára. Upplýsingar um fyrri árangur sjóða sýna nafnávöxtun, nema annað sé tekið fram. Ef fyrri árangur sjóða byggir á erlendum gjaldmiðli getur ávöxtun aukist eða minnkað vegna gengissveiflna. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

Verðbréfavíðskipti fela í sér áhættu og eru lesendur hvattir til að kynna sér Áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga og Stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra sem finna má á vef Landsbankans.

Landsbankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit).